



Knattspyrnufélagið
HAUKAR
Stofnað 12. apríl 1931



ÁRSSKÝRSLA 2021



EFNISYFIRLIT

A.	INNANGUR	3
B.	AÐALSTJÓRN HAUKA – AÐALFUNDUR	3
C.	STARFSNEFNDIR.....	3
D.	ÍÞRÓTTASKÓLI HAUKA SUMARIÐ 2021	4
E.	FRÍSTUNDAHEIMILI HAUKA	6
F.	LEIKJASKÓLI BARNANNA.....	7
G.	AFREKSSKÓLI HAUKA.....	7
H.	ÖLDUNGARÁÐ HAUKA	7
I.	ÍÞRÓTTAHÁTÍÐ HAUKA	7
J.	VIÐURKENNINGAHÁTÍÐ – HEIÐURSVIÐURKENNINGAR	8
K.	HAUKAR 90 ÁRA – VIÐBURÐIR Í TILEFNI AFMÆLISÁRS	8
L.	FRAMKVÆMDIR OG VIÐHALDSVERKEFNI Á ÁSVÖLLUM	8
M.	MINNINGAR- OG STYRKARTARSJÓÐUR HAUKA	13
N.	HAUKAR Í HORNI – STUÐNINGSMENN.....	13
O.	ALMENNINGSIÞRÓTTADEILD.....	14
P.	KNATTSPYRNUDEILD	16
Q.	HANDKNATTLEIKSDEILD.....	17
R.	KÖRFUKNATTLEIKSDEILD	18
S.	KARATEDEILD	18
T.	GOLF.....	19
U.	VEIÐI.....	20
V.	GETRAUNALEIKUR.....	20
X.	REKSTRARFÉLAG HAUKA.....	20
Y.	ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR – ÍBH	20
Z.	LOKAORÐ	22
 FYLGISKJAL 1 ÁRSREIKNINGUR AÐALSTJÓRNAR HAUKA 2021		23
FYLGISKJAL 2 ÁRSREIKNINGUR REKSTRARFÉLAGS HAUKA EHF 2021		33



A. INNGANGUR

Knattspyrnufélagið Haukar fagnaði 90 ára afmæli þann 12. apríl 2021. Það er með mikilli ánægju og stolti sem Haukar fagna merkmum áfanga. Á þessum 90 árum hefur félagið vaxið og dafnað og aðstaða félagsins stefnir í að vera ein sú besta á landinu. Í glæsilegri Íþróttamiðstöð að Ásvöllum hafa deildir félagsins frábæra aðstöðu til íþróttaiðkunar og senn styttest í byggingu myndarlegs knattshúss sem mun stórbæta aðstöðu knattspyrnudeildar. Margra frækinna sigra má minnst, allt frá því að félagið var stofnað, og Íþróttamiðstöðin að Ásvöllum iðar af lífi frá morgni til kvölds, alla daga vikunnar. Knattspyrnufélagið Haukar er miðdepill í ört vaxandi íbúðahverfi og 90 ára afmæli félagsins var minnst með margvíslegum hætti. Knattspyrnufélagið Haukar hefur ætíð haft að leiðarljósi þann boðskap sem séra Friðrik Friðriksson innrætti ungu drengjunum sem með áræðni, krafti, og bjartsýni stofnuðu Knattspyrnufélagið Hauka með leiðsögn sr. Friðriks sem jafnframt lagði grunn að stofnun Knattspyrnufélagsins Vals. Manngæska, kærleikur og virðing í leik og starfi voru kjörorð sem lifað hafa með félaginu í 90 ár.

Í þessari ársskýrslu félagsins er farið yfir helstu atriði í starfi Knattspyrnufélagsins Hauka og þar má sjá að félagið stendur styrkum fótum, með öflugt íþróttastarf, frábært stuðningsfólk, sjálfbóðaliða og starfsfólk.

Framtíð félagsins er björt.

ÁFRAM HAUKAR

B. AÐALSTJÓRN HAUKA – AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins var haldinn þriðjudaginn 25. maí kl. 17 í Samkomusalnum við sérstakar aðstæður vegna COVID. Aðgangur að fundinum var takmarkaður og 2ja metra fjarlægðarregla í hávegum höfð. Fundarstjóri var Lúðvík Geirsson og fundarritari Bjarni H. Geirsson. Formaður félagsins sl. 7 ár, Samúel Guðmundsson, gaf ekki kost á sér til frekari setu í stjórninni og voru honum þökkuað góð störf í þágu félagsins.

Stjórn félagsins skipa:

Formaður Magnús Gunnarsson, varaformaður Valgerður Sigurðardóttir, gjaldkeri Guðborg Halldórsdóttir.

Aðrir tilnefndir af deildum:

Þorgeir Haraldsson og Elva Guðmundsdóttir frá Handknattleiksdeild.

Bragi Hinrik Magnússon og Tóbías Sveinbjörnsson frá Körfuknattleiksdeild.

Halldór Jón Garðarsson og Jón Björn Skúlason frá Knattspyrnudeild.

Soffía Helgadóttir frá Almenningsíþróttadeild.

Kristján Ó. Davíðsson frá Karatedeild.

Bjarni H. Geirsson frá Félagsráði.

Skoðunarmenn ársreiknings: Ása Karin Hólm og Viðar Jónsson.

Stjórnin hélt 5 bókaða fundi á árinu.

Framkvæmdastjóri félagsins er Magnús Gunnarsson.

C. STARFSNEFNDIR

Eftirtaldar nefndir voru starfandi á árinu:

Minningar- og styrktarsjóður Hauka: Bjarni H. Geirsson, Björg Guðmundsdóttir og Katrín Jónsdóttir.

Framkvæmdanefnd með Hafnarfjarðarbæ um byggingu knattshúss: Samúel Guðmundsson og Karl Guðmundsson. Magnús Gunnarsson starfar með nefndinni.

Afmælisnefnd: Valgerður Sigurðardóttir, Soffía Helgadóttir, Emelía Borgþórsdóttir og Ingimar Haraldsson.



Orðunefnd vegna 90 ára afmælis félagsins: Bjarni H. Geirsson, Guðborg Halldórsdóttir og Ingimar Haraldsson

Starfsnefnd um nýjan grasvöll, girðingar o.fl: Magnús Gunnarsson

Fulltrúi félagsins í stjórn ÍBH: Magnús Gunnarsson

D. ÍPRÓTTASKÓLI HAUKA SUMARIÐ 2021

Íþróttaskóli Hauka hefur verið starfræktur, yfir sumartímann, síðan 2007 og eru því sumrin orðin þrettán talsins. Frá byrjun hafa Haukar kappkostað að sýna þessu verkefni mikinn metnað og að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Nebo Kospenda og Dagrún Birta Karlsdóttir sáu um stjórn skólans og var íþróttaskólinn rekinn með svipuðu sniði og áður. Fjölgreinanámskeiðin, fyrir börn sem ekki hafa áhuga á þessum hefðbundnum íþróttum, voru flest þetta árið eða nánar tiltekið sjö, þar af eitt sérnámskeið. Knattspyrnuskólinn kom þar fast á eftir með sex námskeið, svo komu hand- og körfuboltaskólinn bæði með fjögur. Starfsfólk sumarsins sáu ekki aðeins um að leiðbeina börnum í íþróttum heldur einnig að halda útisvæðinu við Ásvelli hreinu og snyrtilegu. Sverrir Þór Sverrisson stjórnaði því verkefni með mikilli þrýði og sóma. Starfsemin í heild sinni fékk mikið lof og hrós fyrir einstaklega vel heppnað sumar, voru foreldrar mjög sáttir með þetta framtak en einnig var mikil ánægja meðal starfsmanna.

HALDIÐ Í HORFINU

Það var ákveðið fyrir sumarið að hafa sama verð á námskeiðunum, hálf vika kostaði 5.500,-kr og heill dagur með hádegismat 14.000,-kr.

Stjórnendur knattspyrnuskólans voru þjálfararnir Friðbert Bjarki Guðjónsson og Lárus Geir Árelíusson. Kári Jónsson og Emil Barja stýrðu Körfuboltaskólanum en tilverandi atvinnumennirnir og A-landslíðsmennirnir, þeir Orri Freyr Þorkelsson og Darri Aronsson stýrðu Handboltaskólanum. Að lokum voru það forsvarsmenn íþróttaskólans, Nebo Kospenda og Dagrún Birta Karlsdóttir, sem stjórnðu íþróttaleikskólanum.

Allir þeir einstaklingar sem að komu að stjórnun íþróttaskólans þetta sumar stóðu sig frábærlega og eru þessir einstaklingar fyrirmyndir yngri iðkenda og því gaman að fá krakka til að æfa undir þeirra handleiðslu.

ÍPRÓTTASKÓLINN SKIPTIST Í ÞRÍJA HLUTA

1. Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 6–12 ára
2. Umsjón með íþróttasvæði og mannvirkjum Hauka að Ásvöllum
3. Skóli fyrir verðandi leiðbeinendur og íþróttamenn framtíðarinnar

Upprunalega markmiðið með íþróttaskólanum var að bjóða upp á fjölþætta íþróttþjálfun fyrir börn á aldrinum 6–12 ára.

Í Íþróttaskóla Hauka höfum við síðastliðin 10 ár skólað til fjöldann allan af ungu fólki til að verða hævafi leiðbeinendur og að geta axlað ábyrgð. Nú í sumar fundum við vel fyrir því hvað við eigum orðið flottan hóp ungs fólks því margir voru á sínu 3.–10. sumri hjá okkur. Með þessu erum við að þjálfa upp þjálfara/leiðbeinendur framtíðarinnar hjá félaginu og er það ekki síður mikilvægt en að félagið ali af sér afreksfólk. Fyrir þá krakka sem voru á heilsdagsnámskeiði var innifalið í verðinu hjá þeim heitur matur frá Skólamat. Þá var einnig í boði fyrir þá krakka, sem voru aðeins hálfan daginn en fóru síðan beint á æfingu, að kaupa aukalega hádegismat. Þetta fannst okkur nauðsynlegt fyrir krakkana sem eru jafnvel frá átta á morgnana til fjögur á daginn að fá heitan og næringarríkan hádegismat í stað þess að allir kæmu með sitt eigið nesti.



08:00-09:00 Morgungæsla
09:00-10:15 Prógramm 1
10:15-10:45 Nesti
10:45-12:00 Prógramm 2
12:00-13:00 Hádegismatur
13:00-14:15 Prógramm 3
14:15-14:45 Nesti
14:45-16:00 Prógramm 4
*16:00-17:00 Öryggisgæsla

Við bjóðum uppá gæslu, foreldrum að kostnaðarlausu frá klukkan 08:00–09:00. Aftur á móti var ákveðið að innleiða öryggisgæslu en í henni felst að tveir aðilar verða á svæðinu frá kl 16:00-17:00 eða þangað til síðasti iðkandinn er farinn heim og allir búnir að skila sér.

YFIRLIT YFIR STARFSEMI

Með öllum þessum námskeiðum höfum við reynt að sýna metnað varðandi það að hirða vallarsvæði okkar svo sómi sé að. Þegar kemur að því að hirða velli og mannvirki er í mörg horn að líta og þar höfum við reynt að nýta okkur sérþekkingu starfsmanna okkar eins og kostur er. Eins og sjá má hefur íþróttasvæði Hauka tekið algerum stakkaskiptum og leyfi ég mér að fullyrða að það sé til fyrirmyndar.

Hér að neðan eru nokkur af þeim verkefnum sem við sinntum í sumar.

Umsjón með íþróttaskóla Hauka 2–16 ára

Fjölgreinaskóli
Körfuboltaskóli
Fótboltaskóli
Handboltaskóli
Íþróttaleikskóli 2–5 ára
Æfingar seinni partinn fyrir 12–16 ára

Gras sláttur

Brekkur
Rönd við leikvelli
Með trjáum
Með fram vallarhúsi
Áhorfendastæði

Beðahreinsun

Kantskurður við vallarhús
Snyrting á beði við vallarhús
Grjóthreinsun úr beðum og af grasi
Upptaka á blómareit við vallarhús

Snyrta beð á bílastæði

Grjóthreinsun úr brekku við mark

Verk í aðalhúsi

Þrif á áhorfendapöllum í íþróttahúsi
Þrif á eldhúsi og matsal
Þrif á gæslurými
Þrif á útileiksvæði

Móttaka

Tiltekt í áhaldageymslunni
Þrif á harpix af rimlum og mörkum

Vallarhús

Þrif á salernum, sturtum, klefum, móttöku
Tiltekt í áhaldageymslunni

Útisvæði

Þrif á varamannaskýlum
Hreinsun á steinum af gervigrasi
Þrif á bílastæði

SAMANTEKT

Eftir þrettán sumur er íþróttaskólinn í föstum skorðum og í honum eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þetta er frábær starfsemi við allra hæfi hvort sem það eru íþróttakrakkar, börn úr hverfinu sem koma ný og kynnast því öflugra starfi sem Haukarnir bjóða upp á eða unglingar sem vilja fara á sumaræfingar í hand- og körfubolta.

Íþróttaskólinn er vel skipulagður, gott utanumhald var um tímamál starfsmanna, við bjóðum upp á dagskrá fyrir nánast alla, bjóðum upp á fjölbreytt námskeið, góðan hádegismat, höfum góða aðstöðu og góða starfsmenn.

Allir krakkarnir sem sóttu námskeiðin virtust njóta sín og fara ánægð út eftir sumarið. Það sama er hægt að segja um starfsfólkið en mikill fjöldi sækir um að fá að starfa við íþróttaskólann á hverju



sumri og það er mikill kostur að geta valið það starfsfólk í vinnu sem best hentar. Yfir sumarið var skráð niður hjá okkur vinnusemin og dugnaður hjá hverjum starfsmanni sem auðveldar okkur að velja starfsfólkið fyrir næsta sumar. Það starfsfólk sem vann best fær aftur vinnu næsta sumar ef það óskar þess en nýtt fólk verður fengið inn fyrir þá sem ekki stóðust lágmarks kröfur.

Höldum áfram að bæta okkur og gera gott betra.

E. FRÍSTUNDAHEIMILI HAUKA

Á haustmánuðum 2014 tók frístundaheimili Knattspyrnufélagsins Hauka til starfa. Var þar meðal annars horft til þess hvernig mætti efla tengsl Hauka við skólasamfélagið og samþætta íþróttaiðkun og skólastarf.

Óhætt er að segja að rekstur frístundaheimilisins hafi gengið vel þann tíma sem það hefur starfað. Undanfarna vetur hafa um 50 börn verið skráð í frístund hér á Ásvöllum. Með tilkomu Skarðshlíðarskóla og tímabundna fækkun grunnskólabarna í Hraunvallaskóla voru börnin nokkuð færri í ár.

Á vordögum 2020, var undirritaður nýr þjónustu- og samstarfssamningur um rekstur frístundaheimilis fyrir börn 6-9 ára og um gagnkvæmar skyldur Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka. Með samningnum er mótuð stefna og umgjörð í starfi frístundaheimilisins á gildistíma samningsins. Um tilgang og forsendur segir m.a. í 2. grein samningsins að frítími barna og fullorðinna sé dýrmætur og í vaxandi mæli sé það krafa foreldra að vinnutími barna verði samfelldari og að gæði frístundastarfs á vegum sveitarfélagsins taki mið af þörfum fjölskyldunnar fyrir samveru að vinnudegi loknum.

Með breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, 5. grein sem Alþingi samþykkti þann 16. júní 2016, er kveðið svo á um frístundaheimili: „Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.

Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.

Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs. Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks. Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar aðstæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður.

Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kærانlegar samkvæmt fyrirmælum 47. gr.“

Frístundaheimili er nú lögboðin þjónusta sveitarfélagsins og mikilvægur liður í uppeldi og reynslunámi barna. Markmið samningsins er að gefa Knattspyrnufélaginu Haukum tækifæri á að reka frístundaheimili fyrir börn í Hafnarfirði á aldrinum sex til níu ára og efla þannig valmöguleika bæjarbúa, styrkja innra starf íþróttafélagsins og gefa börnum kost á að samtengja betur frítíma sinn við íþróttaiðkun.

Ofangreind markmið hafa svo sannarlega náðst því börnin sem eru hjá okkur í frístundaheimilinu nýta sér þátttöku í öflugri íþróttastarfi félagsins og mæta á íþróttæfingar eða sinna öðrum áhugamálum þann tíma sem þau dvelja í frístundaheimilinu.

Á árinu 2019 var tekin upp sú nýbreytni hjá Hafnarfjarðarbæ að bjóða upp á akstur frístundabíls, en frístundabíllinn sækir börnin í frístundaheimilin og er þeim ekið á ýmsa staði í bænum þar sem þeim gefst kostur á að stunda sínar íþróttæfingar. Nokkur börn í frístundaheimili Hauka, Haukaseli, nýta sér þessa þjónustu.

Aðstaða Frístundaheimilis Hauka er samkomusalurinn, stóri íþróttasalurinn, útisvæðið á Ásvöllum og svo hið náttúrulega svæði í nágrenninu. Frístundaheimili Hauka er í boði fyrir



grunnskólanemendur í 1. til 4. bekk Hraunvallaskóla. Börnin eru sótt í skólann og komið á Ásvelli, gangandi ef veður leyfir, annars með rútu. Starfsemi frístundaheimilisins er frá kl. 13:00 til kl. 17:00 virka daga og börnin fá síðdegishressingu kl. 14:15. Á skertum dögum skólans og starfsdögum er frístundaheimilið opið frá kl. 08:30.

Forstöðumaður Frístundaheimilis er Nebo Kospenda, en hann er menntaður Ms.c í íþróttavísindi og stjórnun frá Háskólanum í Molde, Noregi, en auk Nebo eru 3 starfsmenn í frístundaheimilinu.

F. LEIKJASKÓLI BARNANNA

Leikjaskóli barnanna er fyrir aldurinn 2–5 ára. Markmið leikjaskólans er að kynna iðkendum fyrir íþróttasalnum og áhöldum þar. Þá er farið í grunn hinna ýmsu íþróttagreina ásamt grunnhreyfingum barna. Lögð er áhersla á að börnin fái að njóta sín í faðmi forráðamanna sem eru með þeim allan tímann til halds og trausts.

Stjórnandi skólans er Albert Magnússon, margreyndur og að góðu kunnur.

G. AFREKSSKÓLI HAUKA

Afrekslína Hauka skiptist sem fyrr í Afreksskóla Hauka, fyrir 8., 9. og 10. bekk grunnskólanna og Afrekssvið Flensborgarskólans. Vel á annað hundrað iðkenda voru skráðir á Afrekslínu Hauka árið 2021. Afreksskólinn fékk bóklega fræðslu um meiðslaforvarnir, næringu, svefn, afrekshugarfar, sjálfstraust, markmiðasetningu, sögu Hauka og ýmislegt fleira. Að auki mættu nemendur Afrekslínunnar vikulega á styrktaræfingu sem og tækniæfingu í sinni grein. Fjölmargir kennarar og þjálfarar komu að afreksskólanum og kappkostað var að fá sérfræðinga á sínu sviði til að fræða iðkendar.

H. ÖLDUNGARÁÐ HAUKA

Starfsemi Öldungaráðs var mjög takmörkuð vegna covid og hefur starfið að mestu legið niðri til þessa. Margt bendir þó til að með haustinu verði blásið til leiks að nýju takist að ráða niðurlögun veirunnar.

Í tilefni 90 ára afmælis félagsins færði Öldungaráðið félaginu rausnarlega peningaupphæð sem varið skyldi í framkvæmdir við gerð „betri stofu“ á annari hæð.

Stjórn Öldungaráðs er þannig skipuð:

Jóhanna Axelsdóttir formaður, gjaldkeri Ragnar Árnason, ritari Erna Mathiesen, meðstjórnendur Ragnheiður Sigurðardóttir og Ármann Guðjónsson, varastjórn Ragnhildur Jónsdóttir og Hrafn Helgason.

I. ÍÞRÓTTAHÁTÍÐ HAUKA

Það var glæsilegur hópur íþróttafólks sem mætti í samkomusal félagsins á Gamlársdag, en þar var íþróttafólkið okkar heiðrað fyrir frábæran árangur á árinu 2021. **Lovísa Henningsdóttir**, leikmaður mfl. kvenna í körfuknattleik, var valin íþróttakona Hauka, **Tjörvi Þorgeirsson**, leikmaður mfl. karla í handknattleik, var valinn íþróttamaður Hauka og **Aron Kristjánsson**, þjálfari mfl. karla í handknattleik, var valinn þjálfari ársins 2021. Aðrir sem tilnefndir voru: Annika Friðheim Petersen frá handbolta, Hildur Karitas Gunnarsdóttir frá fótbolta, Emil Barja frá körfu, Dagur Örn Antonsson frá karate og Þórður Jón Jóhannsson frá fótbolta. Sem bestu þjálfarar Bjarni Magnússon og Ingvar Guðjónsson frá körfu, Gunnlaugur Sigurðsson frá karate og Stefán Svan Stefánsson frá fótbolta.

Lið meistaraflokks kvenna í körfuknattleik var valið afrekslið Hafnarfjarðar árið 2021 á sérstakri íþrótta- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar og fékk afhentan bikar af því tilefni.

Sannarlega glæsilegur árangur hjá okkar frábæra íþróttafólki.



J. VIÐURKENNINGAHÁTÍÐ – HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

Á tímamótum er hefð fyrir því í félaginu að veita viðurkenningu þeim er unnið hafa félaginu vel í leik og starfi. Í tilefni 90 ára afmælis félagsins var boðað til fagnaðar í samkomusal félagsins þann 23. september. Þar voru veittar viðurkenningar til 119 einstaklinga fyrir framlag þeirra til félagsins. Tveir félagar voru útnefndir heiðursfélagar, sem er æðsta viðurkenning félagsins, þeir **Skúli Valtýsson** og **Þorgeir Haraldsson**.

Nokkrir listamenn stigu á svið og hátíðinni sem Magnús Gunnarsson stjórnaði af festu lauk með veglegum veitingum.

K. HAUKAR 90 ÁRA – VIÐBURÐIR Í TILEFNI AFMÆLISÁRS

Í tilefni af 90 ára afmæli Hauka skipaði aðalstjórn Hauka afmælisnefnd sem skyldi huga að viðburðum á þessum merku tímamótum. Í afmælisnefndinni sátu, Valgerður Sigurðardóttir, Emilia Borgþórsdóttir, Ingimar Haraldsson og Soffía Helgadóttir, en auk þeirra starfaði Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri félagsins með nefndinni. Nefndin hélt allnokkra fundi um mögulega viðburði ársins, en kórónuveiran setti svip sinn á starf nefndarinnar sem og svo margt annað. Ákveðið var að gefa út myndarlegt blað í tilefni afmælisársins og var Egill Gunnar Daníelsson, blaðamaður á



Morgunblaðinu fenginn til að ritstýra afmælisblaðinu. Tuttugu síðna blað leit síðan dagsins ljós á afmælisdegi og var blaðinu dreift í aldreifingu til allar íbúa í Hafnarfirði. Myndarlegt og líflegt blað sem dróg upp skemmtilega mynd af öfluglu starfi okkar Haukanna fyrr og síðar. Rætt var við forystumenn félagsins, viðtöl tekin við íþróttafólk sem gert hefur garðinn frægan og merkir atburðir í sögu félagsins rifjaðir upp.

Bygging knatthússins er okkur hugleikin og Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, tók fyrstu skóflustungu að nýju knatthúsi á afmælisdeginum við fögnuð viðstaddra. Er þess nú vænst að hafist verði handa við byggingu knatthússins á haustdögum.

Afmælisnefndin hugði á nokkra viðburði á árinu, þannig fór fram Hvítasunnuhlaup Almenningsdeildar og var hlaupið nú tileinkað 90 ára afmæli félagsins. Gerðir voru skemmtilegir örmyndapættir frá deildum félagsins með hvatningu til ungmenna. Þá vann Halldór Árni Sveinsson skemmtilegar myndastíklur frá 60 ára afmæli félagsins og afmælisgolfmót Hauka fór fram þann 17. september. Afmælisnefndin ráðgerði að standa fyrir skemmtun fyrir yngri iðkendur þann 20. ágúst en það gekk ekki eftir vegna veirunnar. Þá var einnig gert ráð fyrir stórhátíðarkvöldi á Ásvöllum í tilefni afmælisins en því var frestað til haustsins og ekkert varð úr hausthátíð af sömu ástæðu. Það má því segja að kórónuveiran hafi á margan hátt litað annars ágætt afmælisár Knattspyrnufélagsins Hauka.

L. FRAMKVÆMDIR OG VIÐHALDSVERKEFNI Á ÁSVÖLLUM

KNATTHÚS Á ÁSVÖLLUM

Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árin 2018–2021 var gert ráð fyrir að á árinu 2018 yrðu framkvæmdir hafnar við uppbyggingu íþróttamannvirkja samkvæmt tillögum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem samþykktar voru á þingi bandalagsins árið 2017.

Á vordögum 2018 var síðan undirrituð viljayfirlýsing milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka um byggingu knatthússins og þar gert ráð fyrir að á árunum 2018–2021 yrði unnið að byggingu þess á Ásvöllum. Var viljayfirlýsingin formlega staðfest af bæjarstjóra, Haraldi L. Haraldssyni, og framkvæmdastjóra Hauka, Magnúsi Gunnarssyni, þann 14. maí 2018. Frumkvæði að þessari viljayfirlýsingu kom frá Knattspyrnufélaginu Haukum en þar lýstu Haukar sig reiðubúna til að afhenda lóðarskika undir 80–100 íbúðir á miðsvæði Hauka, gegnt Ásvallarlaug til að auðvelda fjármögnun Hafnarfjarðarbæjar á byggingu fullkomins knatthúss.

Með vísan til þess sem hér er að framan ritað lýstu aðilar yfir sameiginlegum vilja um að láta vinna nýtt deiliskipulag fyrir Ásvelli með staðsetningu knatthúss í huga. Þar var gert ráð fyrir að



knatthúsið myndi rísa norðaustan við núverandi keppnisvöll félagsins. Samhliða framangreindu var ákveðið að setja á laggirnar undirbúningsnefnd sem myndi fjalla um gerð og hönnun hússins. Nefndin skilaði síðan niðurstöðum sínum á haustmánuðum árið 2018.

Þegar nýtt samþykkt deiliskipulag liggur fyrir og framangreint uppfyllt er gert ráð fyrir að gengið verði frá formlegum samningi milli aðila um undirbúning og hönnun byggingar knatthúss að Ásvöllum.

STARFSHÓPUR UM KNATTHÚS SKIPAÐUR

Bæjarráð skipaði síðan starfshóp um verkefnið og var fyrsti fundur starfshópsins haldinn þann 11. september 2018. Í starfshópnum sátu Kristinn Andersen, formaður starfshóps, Anna Karen Svövdóttir, Jón Garðar Snædal Jónsson, Samúel Guðmundsson og Ágúst Sindri Karlsson og síðar Eiður Arnar Pálmason og Jóhann Unnar Sigurðsson. Með starfshópnum störfuðu Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu, Geir Bjarnason, Íþrótt- og tómstundafulltrúi, Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs og Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hauka.



Starfshópurinn hélt fjölmarga fundi og leitaði fanga um hönnun og gerð knatthúsa, fór í vettvangsferðir og aflaði upplýsinga um væntanlega fólksfjölgun á nærsvæðum, en mikil uppbygging á sér nú stað í Skarðshlíð og í Hamranesi. Í framhaldi þeirrar vinnu var unnið að húsrymisáætlun knattspyrnuhúss með Helga Má Halldórssyni og Andra Klausen frá ASK arkitektum. Þá var unnið að staðsetningu knattspyrnuhússins með Péttri Jónssyni frá Landark.

Áætlanir undirbúningshópsins liggja fyrir og skilaði hópurinn skýrslu til bæjarráðs 21. nóvember 2019 og er þar gert ráð fyrir að byggt verði knatthús í fullri stærð, 120 metrar að lengd og 82,5 metra breitt með aðstöðu fyrir um 800 áhorfendur. Húsið verður upphitað og tengibygging sem byggð verður við enda knatthússins, um 800 fermetrar að stærð, verður þjónustuhús með aðkomuadstöðu, búningastöðu, áhaldageymslu og annarri stoðþjónustu tengdri starfseminni. Knathúsið mun rísa á grasæfingasvæði félagsins norðaustan Íþróttamiðstöðvar og þjónustubygging knatthússins mun liggja að núverandi keppnisvelli félagsins.

BÆJARRÁÐ SKIPAR FRAMKVÆMDANEFND UM BYGGINGU KNATTHÚSS

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. janúar 2020 samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka um framkvæmdina og vitnað er þar í gerð nýs deiliskipulags á svæðinu. Í hinu nýja deiliskipulagi er skilgreind ný lóð undir íbúðabyggð, þar sem gert er ráð fyrir 100 til 110 íbúðum. Hæð húsa verði 2–5 hæðir. Bílakjallari verður undir byggingunum fyrir 90 bílastæði og



60 bílastæði ofanjarðar. Þá er gert ráð fyrir að byggt verði fjölnota knattús nyrst á lóðinni. Stærð knattússins verði 9.900 m² og hæð verði 25 metrar yfir miðju vallar, en 12 metrar í hliðum. Gert er ráð fyrir 230 nýjum bílastæðum vestan og norðan megin við knattús. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar deiliskipulagsins.

Eftirfarandi er sérstaklega tiltekið í samkomulagi aðila.

1. Bæjarráð skal skipa í sérstaka framkvæmdanefnd, þrjá fulltrúa frá Hafnarfjarðarbæ og tvo fulltrúa sem tilnefndir eru frá Knattspyrnufélaginu Haukum. Skal bæjarráð gera framkvæmdanefnd sérstakt erindisbréf.

2. Í skýrslu starfshóps um uppbygginu á Ásvöllum er sett fram tillaga að gerð knattúss og áfangaskiptingu sem og fjármögnun verkefnisins. Samkomulag er um að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga verkefnisins samhliða því að lóðum á Ásvöllum verði úthlutað.

3. Aðilar eru sammála um að hefja þegar undirbúning að hönnun og öðrum nauðsynlegum verkþáttum er varðar byggingu knattúss. Skal jafnframt horft til þess möguleika að byggingarframkvæmdum verði hraðað ef hagstæðir samningar nást þar um.

4. Tekjur af innheimtum lóðaverðum (gatnagerðargjald + byggingarréttargjald) vegna hinnar nýju íbúðarbyggðar verði nýttar til uppbyggingar knattúss á Ásvöllum.

5. Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að fjármagna verkefnið að öðru leyti. Ákvörðun um fjármagn til verkefnisins er tekin af bæjarstjórn í fjárhagsáætlun hvers ár og eða við breytingu fjárhagsáætlunar þess.

Ofangreindu samkomulagi var síðan vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar og var samkomulagið staðfest í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 22. janúar 2020.

Með vísan til ofangreinds samkomulags skipaði bæjarráð sérstaka framkvæmdanefnd um byggingu knattússins.

Formaður framkvæmdanefndar er Kristinn Andersen, en auk hans sitja í nefndinni Brynjar Gestsson og Daði Lárusson fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar. Frá Haukum sitja í nefndinni Samúel Guðmundsson og Karl Guðmundsson. Þá starfa með nefndinni, Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu, Rósa Steingrimsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs og Geir Bjarnason, íþrótt- og tómstundafulltrúi, auk Magnúsar Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Hauka.

DEILISKIPULAG HAUKASVÆÐIS STAÐFEST EN FRAMKVÆMD VIÐ KNATTÚS HÁÐ MATI Á UMHVERFISÁHRIFUM

Á fundi Skipulags- og byggingarráðs þann 20. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Haukasvæðisins á ný og staðfesti bæjarstjórn samþykkt ráðsins á fundi sínum þann 28. apríl 2021. Uppfærð umhverfisskýrsla var auglýst samhliða auglýsingum um breytt deiliskipulag. Tillagan var auglýst frá 8. maí til 21. júní 2021. Athugasemdir bárust. Lagt var fram svar við athugasemdum. Skipulags- og byggingarráð samþykkti síðan framlagða umsögn vegna athugasemda sem bárust við auglýstu deiliskipulagi, jafnframt er erindinu vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar og að erindinu verði lokið í samræmi við skipulagslög. Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar staðfesti síðan afgreiðslu skipulags og byggingarráðs.

Með bréfi Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2021 er það niðurstaða stofnunarinnar að fyrirhuguð framkvæmd kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir íbúðarbyggð, færslu á íþróttavöllum og knattúsi. Gögn voru uppfærð m.t.t. bréfs Skipulagsstofnunar frá 13. júlí 2021.

Deiliskipulagið var síðan auglýst í B deild Stjórnartíðinda þann 26. júlí 2021 og öðlaðist þegar gildi.

HÖNNUN KNATTÚSS Á ÁSVÖLLUM

Hönnun Hönnun knattússins var boðin út á vordögum og tilboð í hönnun hússins voru opnuð þann 12. maí 2021 og tilkynning um val tilboðs þann 19. maí 2021 og tilkynning um töku tilboðs þann 26.05.2021. Sjö arkitektastofur tóku þátt í tilboðinu og var gengið til samninga við ASK



arkitekta ehf. um að taka að sér fullnaðarhönnun knattþússins. Tilboðsfjárhæð ASK arkitekta ehf. var 99.571.001.- eða 51,06% af kostnaðaráætlun. Hönnunarhópur ASK arkitekta eru auk þeirra frá Hnit, Öryggi, Raftækni og Landform. Á fundi sem haldinn var þann 24. júní 2021 var staðfest að tilboði arkitekta væri tekið og markmið fundarins væri að setja verkefnið af stað. Kom fram á fundinum að Strendingur ehf. yrði með hönnunarsýsni með verkinu. Sigurður Haraldsson, hjá Hafnarfjarðarbæ, lagði fram skýrslur frá VSO ráðgjöf um viðbrögð við umsögnum um matsskyldfyrirspurn.



Þann 17. október 2021 var haldin kynning á forhönnunargögnum fyrir knattþús Hauka með fulltrúum knattspyrnudeildar. Kynninguna annaðist Pétur Vilberg Guðnason frá Strendingi sem fer með hönnunarsýsni verksins. Gagnlegar umræður fóru fram á fundinum og ábendingum sem fram komu á fundinum var komið til hönnunarteymis.

FRAMKVÆMDASAMNINGUR VEGNA KNATTÞÚSS Á ÁSVÖLLUM OG EFTIRGJÖF LÓÐARTIL BYGGINGAR ÍBÚÐA Á ÍPRÓTTASVÆÐI HAUKA Á ÁSVÖLLUM

Þann 17. desember 2021 undirrituðu Rósa Guðbjartsdóttir, bærarstjóri, og Magnús Gunnarsson, formaður Knattspyrnufélagsins Hauka, framkvæmdasamning vegna byggingar knattþúss á Ásvöllum og eftirgjöf lóðar til byggingar íbúða á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum sem er svohljóðandi:

1. Hafnarfjarðarbær og Knattspyrnufélagið Haukar gera hér með sér framkvæmdasamning um byggingu knattþúss á Ásvöllum. Þegar liggur fyrir samningur um hönnun knattþússins og er áætlað að fullnaðarhönnun verði lokið í apríl 2022. Samhliða hönnun knattþússins er unnið að mati á umhverfisáhrifum knattþússins og er gert ráð fyrir að það mat liggi fyrir eigi síðar en á vordögum 2022. Þegar heildarhönnun knattþússins liggur fyrir, sem og mat á umhverfisáhrifum þess, verður bygging knattþússins boðin út.

2. Samhliða undirritun framkvæmdasamnings um byggingu knattþúss, sem hér er getið í fyrri málsgrein, skal Knattspyrnufélagið Haukar afhenda Hafnarfjarðarbæ lóðarskika til uppbyggingar á 100-110 íbúðum, sem þegar er skilgreindur í samþykktu deiliskipulagi vegna Ásvalla 1. Nánar tiltekið er um að ræða lóðina Ásvelli 3, F2517747 L229960, sem er óbyggð lóð og varð til úr lóðinni Ásvelli 1, F2073478, 129991. Hafnarfjarðarbær samþykkir að nefnd byggingarlóð verði boðin út í heild sinni til hæstbjóðanda og leitast verði við að hraða sem mest uppbyggingu á reitnum til að valda sem minnstu raski á íþróttasvæði knattspyrnufélagsins Hauka. Aðila eru sammála um að með þessari eftirgjöf lóðar til Hafnarfjarðarbæjar skapist aukið svigrúm til að hraða byggingu knattþússins. Skal þar m.a. horft til tekna af sölu áðurgreindrar lóðar.



MATSÁÆTLUN – UPPBYGGING Á ÍPRÓTTASVÆÐI HAUKA Á ÁSVÖLLUM

Í loks árs 2021 bárust umsagnir frá sjö stofnunum og þrjú erindi bárust frá íbúum í nágrenninu við matsáætlun:

Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Veðurstofu Íslands, Náttúrufræðisstofnun Íslands, Hafrannsóknarstofnun, Orkustofnun, Landvernd, Guðna Gíslasyni, Huldu Hákonardóttur og sameiginlega frá Birni Ól. Gíslasyni, Ólöfu Björnsdóttur og Huldu Björnsdóttur.

VSÓ ráðgjöf sem vinnur matsáætlunina fyrir Hafnarfjarðarbæ lagði fram viðbrögð við umsögnum og athugasemdum ofangreindra aðila og sendi síðan til Skipulagsstofnunar í byrjun febrúar 2022.

NÝR GRASVÖLLUR

Á undanförunum árum hafa Hauka safnað og tekið á móti góðu fyllingarefni þar sem ráðgert er að nýr grasæfingar- og keppnisvöllur muni rísa, sunnan gervigrasvallar, en nýtt knattús verður staðsett nyrst á lóðinni á núverandi grasæfingarsvæði félagsins. Bæjarráð samþykkti fjárveitingu til uppbyggingar nýs grasæfingar- og keppnisvallar á Ásvöllum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Á vormánuðum 2021 var hafist handa við gerð grasvallarins og í sumarlök var búið að sá í völinn, hann girtur af að hluta og stefnt að endanlegri uppsetningu girðinga, gerð grasmanar sem og annarra umhverfisbóta vorið 2022. Er gert ráð fyrir að taka grasvöllinn í notkun síðsumars 2022.

GÖNGUSTÍGUR MILLI KEPPNIS- OG ÆFINGAVALLA

Samhliða gerð nýs grasvallar og hliðrun jarðvegs var unnið að tengingu göngustígs við göngustíg við Grísanes. Grísanestígur er nú upplýstur og mun síðar verða malbikaður. Með samtengingu stíganna er sköpuð góð aðstaða fyrir gangandi, hjólandi, og þá sem nota hjólastóla, við stígakerfi bæjarins.

NÝTT GERVIGRAS OG LED LJÓS Á GERVIGRASVÖLL

Á árinu 2015 var gervigrasvöllur félagsins endurnýjaður frá grunni. Gervigrasvöllurinn er eini keppnisvöllur félagsins og því er afar mikið álag á gervigrasinu. Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að setja nýtt gervigras á keppnisvöllinn, en eldra gervigras er orðið mjög slitid og beinlínist hættulegt fyrir iðkendur. Þá verður eldri lýsingu á vellinum skipt út fyrir LED ljósabúnað, en 3 ljósakúplar hafa fallið niður á völinn vegna tæringar. Þykir mikil mildi að ekki hafi hlotist slys af. Vegna þessa og þar til nýr ljósabúnaður verður settur upp var sett net utan um ljóskúplana. Fengum við dygga aðstoð Hampiðjunnar við það verk, en ljósabúnaðurinn er í 21 metra hæð.

UMHVERFISBÆTUR VIÐ ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐ OG GIRÐING UMHVERFIS KEPPNISVÖLL

Lengi hefur verið óskað eftir lóðarfrágangi við austur inngang í Íþróttamiðstöð, en þar utan við er ófrágengið svæði, gljúpur jarðvegur sem hefur valdið vandræðum að vetri og vori þegar rútur



flytja skólabörn í íþróttir til okkar að Ásvöllum. Nú er gert ráð fyrir að ganga frá svæðinu samhliða göngustíg og girðingu um keppnisvöll félagsins. Er það mikið fagnaðarefni að loksins verður hægt að stýra flæði inn á aðalkeppnisvöll félagsins. Gert er ráð fyrir að þessar framkvæmdir klárast vorið 2022.

VIÐHALDSVERKEFNI, LEKI Í HÚSNÆÐI OG LOFTRÆSTIKERFI

Á árinu var unnið að nokkrum viðhaldsverkefnum á húsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar á Ásvöllum. Áfram var unnið að því að koma í veg fyrir leka, en leki í húsnæði hefur verið viðvarandi vandamál. Á árinu voru settar þakrennur í inngarði, en þar hafði orðið vart við leka við flasningar á þaki. Nú virðist sem takist hafi að mestu að koma í veg fyrir leka í húsakynnum og er óskandi að þær lagfæringar sem þar voru gerðar dugi til frambúðar. Nú er unnið að lagfæringu á loftræstikerfi, yfirfara og hreinsa, en loftræstikerfið hefur verið í nokkru ólagi undanfarin ár. Til að ná sem bestri nýtingu á kerfinu og góðu loftstreymi er nú unnið að því að tengja fimm hitaelement inn á kerfin og hafa blikksmiðir og pípulagningamenn unnið að þeim endurbótum undanfarið. Er þess að vænta að því verkefni verði lokið fyrri hluta árs 2022.

TILKOMA KNATTHÚSS OG GRASVALLAR MUN GJÖRBREYTA ALLRI AÐSTÖÐU TIL KNATTSPYRNUÍÐKUNAR HJÁ FÉLAGINU

Ljóst er að bygging knattspyrnuhúss á Ásvöllum er stórt og mikilvægt skref í innviðauppyggingu fyrir íbúa nærsvæða Ásvalla, en íbúum svæðisins fer sífellt fjölgandi.

Knattspyrnufélagið Haukar er afar ánægt með framsýni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að halda áfram kröftugri uppbyggingu á íþróttasvæði félagsins. Að skapa góða aðstöðu til félags- og íþróttaiðkunar er án efa góð leið til að efla og styrkja börn og unglinga til að taka þátt í margbreytileika hins daglegs lífs.

ÞAKKIR TIL STJÓRNENDA OG STARFSFÓLKS HAFNARFJARÐARBÆJAR

Samstarf starfsfólks Hauka, stjórnenda og starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar hefur verið með miklum ágætum og er starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar hér þökkúð ánægjuleg samskipti á árinu 2021.

M. MINNINGAR- OG STYRKARSJÓÐUR HAUKA

Minningarsjóðurinn var stofnaður 1977 af ættingjum Garðars S. Gíslasonar og hét þá Minningarsjóður Garðars S. Gíslasonar. Var hann sameinaður undir núverandi nafni 1995. Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög einstaklinga og stuðningsaðila.

Enginn styrkur var veittur á árinu.

Stjórn sjóðsins skipa: Bjarni H. Geirsson, Katrín Jónsdóttir og Björg Guðmundsdóttir.

N. HAUKAR Í HORNI — STUÐNINGSMENN

Haukar í horni er stuðnings- og styrktarklúbbur sem einstaklingar og fyrirtæki geta gerst aðilar að. Stofnaður 1990 til styrktar komu tékkneska handboltamannsins Petr Baumruk. Í upphafi og fyrstu árin var starfsemin á vegum Handknattleiksdeildar en fyrir nokkrum árum var starfsemin sameinuð öðrum deildum félagsins. Í dag geta menn tengst þeirri deild er þeir kjósa og rennur þá mánaðargjaldið til þeirrar deildar. Tekjum er ráðstafað m.a. til barna- og unglingastarfs og ýmissa brýnna verkefna hverju sinni. Í dag eru meðlimir Hauka í horni rúmlega 300 og greiða þeir mánaðarlegt gjald til klúbbsins. Stöðugt er leitast við að efla og styrkja þennan mikilvæga hóp.

Helstu markmið Hauka í horni eru:

Að styrkja og efla félagsandann innan Hauka – virkja Haukahjartað

Að styðja félagið í blíðu og stríðu

Að halda úti öflugum meistaraflökkum

Að vera leiðandi í öflu innra starfi



O. ALMENNINGSÍPRÓTTADEILD

SKOKKHÓPUR HAUKA

Ný stjórn tók við á aðalfundi þriðjudaginn 19. maí 2021 eftir nokkrar frestanir. Rannveig Hafberg steig til hliðar sem formaður og í hennar stað kom Anna Bára Gunnarsdóttir inn í stjórnina. Stefán Georgsson var kjörinn formaður á aðalfundi. Aðrir í stjórn voru kjörnir Hreiðar Júlíusson, Soffía Helgadóttir og Sigurður Sveinn Antonsson sem öll gáfu kost á sér aftur.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skipti hún með sér verkum sem hér segir:

Stefán Georgsson formaður

Hreiðar Júlíusson meðstjórnandi/varaformaður

Anna Bára Gunnarsdóttir gjaldkeri

Soffía Helgadóttir meðstjórnandi

Sigurður Sveinn Antonsson meðstjórnandi

Einnig tók Soffía að sér að halda áfram að mæta f.h. stjórnar á fundi hjá sameinuðum deildum Hauka.

UM STARFIÐ

Æft er á miðvikudögum klukkan 17:30 og á laugardögum kl. 9:00 (1. Skokkhópurinn æfir þrisvar sinnum í viku, á mánudögum og apríl til 1. nóvember) og kl. 10:00 (1. nóvember til 1. apríl). Æfingar hefjast að öllu jafnaði í anddyri Ásvalla. Hreiðar Júlíusson er aðal þjálfari hópsins. Ólöf Ósk Johnsen starfaði hluta af árinu sem þjálfari og Hildur Aðalsteinsdóttir kom inn í þjálfarateymið.

Skokkhópur Hauka hefur vaxið og dafnað undanfarin ár, en covid-19 hefur litað starfsemina síðustu 2 ár. Árið 2021 voru tæplega 100 virkir meðlimir.

Það hafði áhrif á mjög margar þær hefðir sem hafa skapast gegnum árin og þurfti Skokkhópurinn sem og hlaupasamfélagið allt að fresta og fella niður marga viðburði eða gera hlutina öðruvísi. Það opnuðust þó annað slagið gluggar sem við náðum að nýta okkur og þegar litið er yfir árið er ánægjulegt að sjá hvað hópurinn þó gat gert.

Aðalfundur var haldinn eins og fyrr segir í maí eftir nokkrar frestanir. Milli covid lokana síðasta vor náðum við að halda skemmtilegt samhlaup og fara út að borða á Fjörukránni.

Æfingar gengu almennt nokkuð vel á árinu þrátt fyrir samkomutakmarkanir.

Við héldum Hvítasunnuhlaupið á réttum tíma þrátt fyrir Covid og tókst það mjög vel og uppselt var í hlaupið. Hlupu tæplega 500 hlauparar um okkar fallega uppland. Að þessu sinni var ekki hægt að bjóða upp á veitingar í lok hlaups eins og venja er en í stað þess fengu allir hlauparar poka með Hleðslu, banana, Powerade og smá sælgæti og stór hluti fékk einnig útdráttarvinning. Þetta mæltist mjög vel fyrir. Einnig var ákveðið að í stað þess að veita verðlaunapening að styrkja félagið okkar Hauka um 500 krónur fyrir hverja skráningu. Sú nýbreytni var einnig að í stað þess að afhenda vinningshöfum verðlaunapening fengu þeir tré frá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar auk hefðbundinna vinninga. Hópurinn styrkti þannig bæði Hauka og Skógræktina myndarlega á árinu.

Sumarið 2021 fór talsverður hópur Hauka í Laugavegshlaupið og tókst það vel. Einnig voru félagar duglegir að skipuleggja minni ferðir, meðal annars hlaup úr Hveragerði yfir í Innstadal, á Akrafjall, hlaup á Grænahrygg við Landmannalaugar og fleira. Þá má minnst á eldgosíð í Geldingadölum, en þangað hlupu og/eða gengu margir félagar Skokkhópsins.

Haldin var hamborgaraveisla fyrir félagi í Skátaskálanum við Hvaleyrarvatn. Boðið var upp á grillaða hamborgara í boði Skokkhópsins og var það hin besta skemmtun.

Í september héldum við uppskeruhátíðina okkar á Hótel Örk í Hveragerði, byrjað var á hlaupaþefingu og sundi og svo haldið á Örkina þar sem við skemmtum okkur fram eftir kvöldi. Tókst dagurinn mjög vel. Sama dag hlupu Guðrún Ásta og Palli rúmlega 100 kílómetra í Bakgarðshlaupi Náttúruhlaupa.

Á aðventunni þurfti því miður að fella niður Kirkjuhlaupið okkar vegna aðstæðna. Skokkhópurinn hljóp þó leiðina saman á annan dag jóla. Í desember var einnig haldin lítil skottveisla eftir laugardagsæfingu að frumkvæði nokkurra félaga og var það hin besta skemmtun. Áramótahlaupið var búningahlaup að venju.



Þrátt fyrir allt þá var hægt að gera ótrúlega mikið árið 2021. Við verðum að teljast heppin að hafa getað stundað okkar íþrótt allt árið, þó að við höfum þurft að gera það ein eða í minni hópum. Það eru forréttind að geta hreyft sig og stundað útiveru í góðum félagsskap en ég held að við getum öll verið sammála um það að aldrei hefur þetta verið mikilvægara eða dýrmætara en á þessu skrítna og oft erfiða covid ári.

Vonandi verður árið 2022 okkur öllum gæfuríkt og gaman væri að komast í hlaupaferð á árinu.

ÚR ÁRSSKÝRSLU ALMENNINGSDEILDAR/SKOKKHÓPS

MARKMIÐ OG VERKEFNI ALMENNINGSÍÞRÓTTASVIÐS ÍSÍ

Að efla íþróttapátttöku meðal sambandsaðila ÍSÍ á öllum aldri og getustigum með því að:

- Hvetja íþróttafélög og íþróttahéruð til að bjóða upp á fjölbreyttar íþróttir og hreyfingu fyrir alla aldurshópa og öll getustig.
- Hvetja sambandsaðila til þátttöku í almenninguþróttaverkefnum ÍSÍ.
- Að efla almenninguþróttapátttöku landsmanna á öllum aldri með því að:
- Hvetja landsmenn til þátttöku í almenninguþróttaverkefnum ÍSÍ.
- Verkefni ÍSÍ höfði til allra aldurshópa, á öllum getustigum og séu á jafnréttisgrundvelli.
- Afla og dreifa þekkingu og stuðla að nýjungum ásamt útgáfu fræðslu- og upplýsingaefnis um heilsuefningu.
- Hvetja íþróttahéruð og íþróttafélög til þátttöku í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“ með sveitarfélögum á hverjum stað.

Að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að huga að heilsuefningu starfsmanna sinna með:

- Því að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þátttöku í almenninguþróttaverkefnum ÍSÍ.
- Upplýsingagjöf til fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.
- Ábendingum um hugsanlegt samstarf fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga við íþróttahéruð og/eða íþróttafélög um framkvæmd einstakra þátta í heilsuefningu starfsmanna

MARKMIÐ ÍSÍ Í ALMENNINGSÍÞRÓTTUM ERU:

- Að efla íþróttapátttöku meðal sambandsaðila ÍSÍ á öllum aldri og getustigum með því að:
- Hvetja íþróttafélög og íþróttahéruð til að bjóða upp á fjölbreyttar íþróttir og hreyfingu fyrir alla aldurshópa og öll getustig. o Hvetja sambandsaðila til þátttöku í almenninguþróttaverkefnum ÍSÍ.
- Að efla almenninguþróttapátttöku landsmanna á öllum aldri með því að:
- Hvetja landsmenn til þátttöku í almenninguþróttaverkefnum ÍSÍ.
- Verkefni ÍSÍ höfði til allra aldurshópa, á öllum getustigum og séu á jafnréttisgrundvelli.
- Afla og samfélag“ með sveitarfélögum á hverjum stað.
- Að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að huga að heilsuefningu.

Hvetja íþróttahéruð og íþróttafélög til þátttöku í verkefninu „Heilsueflandi heilsuefningu starfsmanna sinna með:

- Því að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þátttöku í almenninguþróttaverkefnum ÍSÍ.
- Upplýsingagjöf til fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.
- Ábendingum um hugsanlegt samstarf fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga við íþróttahéruð og/eða íþróttafélög um framkvæmd einstakra þátta í heilsuefningu starfsmanna.

ÍSÍ leggur áherslu á málaflokka tengdum heilsu og fræðslu, t.d. með almennu fræðslustarfi um gildi hreyfingar. Eitt af áhersluatriðum íþróttahreyfingarinnar er íþróttastarf og hreyfing eldri borgara.

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að hreyfing bætir líkamlega og andlega líðan. Fólk sem hreyfir sig reglulega dregur ekki aðeins úr líkunum á ýmsum langvinnum sjúkdómum, s.s. hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini, sykursýki, stoðkerfisvanda og offitu heldur stóreykur það líkurnar á að lifa lengur sjálfstæðu, heilbrigðu og hamingjuríku lífi.



Fræðslubæklingurinn „Líkamsæfingar fyrir fólk á besta aldri“ er gefinn út sem hvatning til fólks um að stunda reglulega líkamsrækt. Þar er að finna fjölbreyttar æfingar sem allir ættu að geta stundað daglega. Meðal æfinga eru ganga, æfingar í vatni, æfingar fyrir háls og herðar, bak og kvið, fætur og arma. Fróðleikur um gildi líkamsræktar fyrir heilsuna er settur fram og sömuleiðis holl ráð um næringu, svefn, slökun, vernd gegn beinþynningu og fleira. Hægt er að nálgast eintak af bæklingnum á skrifstofu ÍSÍ endurgjaldslaust.

AF VEF ÍSÍ UM ALMENNINGSÍÞRÓTTIR

HUGARÍÞRÓTTADEILD – SKÁKDEILD

Skákdeild Hauka hefur nú gengið í gegnum endurnýjun lífdaga og rís úr öskustónni sem **Hugaríþróttadeild Hauka**. Innan deildarinnar verður skáklistinni sinnt sem fyrr, en starfsemin verður nú útvíkuð og áhersla lögð á rafíþróttir og aðra leiki og spil sem reyna á heilann, viðbrögð og taktíska hugsun. Markmið starfsins verður tvíþætt:

- Að hjálpa ungum iðkendum sem hafa áhuga á hugaríþróttum/rafíþróttum að ná árangri með því að rækta bæði huga og líkama.
- Að hjálpa ungum iðkendum að eiga í heilbrigðu sambandi við sína hugaríþrótt/rafíþrótt og bæta sína færni í „sýndarheimum“ jafnt sem og í raunheimum.

NÁMSKEIÐSLÝSING

Æfingarnar fara fram í húsnæði NÚ við Reykjavíkurveg 50. Æfingarnar eru samsettar úr rafíþróttum (Fortnite og Counterstrike), hugaríþróttum, líkamlegri þjálfun og fræðslu um heilbrigðan lífsstíl. Æfingarnar fara í grunninn þannig fram að í 40 mínútur eru spilaðir tölvuleikir í fullkomnu tölvuveri Hugaríþróttadeildarinnar, í 20 mínútur eru gerðar líkamlegar æfingar og 20 mínútur fara í ýmsar hugarþrautir eins og skákþrautir, að tefla hraðskák, „IQ-þrautir“ og fleira slíkt. Að auki fá iðkendur heimaverkefni sem felast í því að horfa á stutta fræðandi fyrirlestra um t.d. svefn, næringarfræði, mannslíkamann og þjálfun hugans. Hverju námskeiði lýkur svo með félagslegum atburði þar sem hópurinn hittist og gerir sér glaðan dag.

Forsvarsmáður starfseminnar er Kristján Ómar Björnsson.

P. KNATTSPYRNUDEILD

ALMENNT UM STARFIÐ

Aðalfundur knattspyrnudeildar Hauka var haldinn þann 25. mars sl. á Ásvöllum þar sem ný stjórn var kjörin. Ný stjórn deildarinnar skipa þau Baldur Páll Guðmundsson, formaður BUR, Brynjar Viggósson, varaformaður knattspyrnudeildar, Elías Atlason, Elísabet Finnbogadóttir, Gísli Aðalsteinsson, Guðmundur St. Sigurðsson, Halldór Jón Garðarsson, formaður knattspyrnudeildar, Haukur Jónsson, Jón Erlendsson, formaður meistaraflokksráðs karla, Oddný Sófusdóttir, formaður meistaraflokksráðs kvenna, Ólafur Þórisson og Þórdís Rúriksdóttir.

Rekstur knattspyrnudeildar Hauka gekk almennt ágætlega á árinu 2021 en ljóst er að efla þarf tekjuleiðir deildarinnar. Knattspyrnudeildin á að baki sterka samstarfs- og styrktaraðila en þó hefur orðið samdráttur á því sviði á meðan Covid geisaði og erfiðlega hefur gengið að endurnýja samninga. Það er ljóst að gera það forsvarsmönnum fyrirtækja betur grein fyrir samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja gagnvart íþróttafélögum sem gegna lykilhlutverki í annars vegar þróun afreksfólks og hins vegar í að sinna forvörnum í íslensku samfélagi ásamt því að taka þátt í að þróa öfluga einstaklinga fyrir íslenskt samfélag til framtíðar.

Yngri flokka starfið gekk með ágætum framförum á ýmsum sviðum. Styrktarþjálfun var aukin, æfingatímum var fjölgað í ákveðnum flokkum og menntunarstig þjálfara hefur sjaldan verið hærra. Töluverður hópur efnilegra iðkenda var valinn til að taka þátt í landsliðsæfingum og nokkrum leikmönnum hlotnaðist sá heiður að leika fyrir hönd Íslands.



Þriðji og fjórði flokkur drengja léku í undanúrslitum í Íslandsmóti og þriðji flokkur stúlkna stóð sig með þryði í A deild í sínu móti. Yngri flokkar tóku þátt í hefðbundnum sumarmótum á Akranesi, Sauðárkróki, Akureyri, Selfossi og í Vestmannaeyjum og voru félagi sínu til sóma í hvívetna, bæði í sigrum og sorgum.

Aðstæður voru enn erfiðar vegna veirunnar skæðu en tímabilið einkenndist þó af öflugri samkennd á Ásvöllum. Færri iðkendur æfðu í yngstu flokkum en undanfarin ár og er það verkefni sem bíður okkar, að leiðrétta brottfallið sem varð í tengslum við Covid.

Með jákvæðni, kraft og bjartsýni í farteskinu höldum við í átt að hækkandi sól fyrir komandi tímabil þar sem krafan verður ávallt að fótbolti sé áfram leikur þar sem gleðin ræður ríkjum og ungir sem aldrei hafi gaman að því að æfa fótbolta hjá Haukum á Ásvöllum.

Árangur meistaraflókka var undir væntingum en markmið knattspyrnu deildar er að báðir flokkar komist upp um deildir. Igor Bjarni Kostic lét af störfum sem aðalþjálfari meistaraflökks karla og í stað hans var ráðinn Atli Sveinn Þórarinnsson. Guðrún Jóna Kristjánsdóttir er áfram aðal þjálfari meistaraflökks kvenna og var Katrín Ómarsdóttir, fyrrum landsliðskona, ráðin inn í teymið.

Starfshópur um knattús á Ásvöllum skilaði í lok apríl af sér lokahönnun ASK Arkitekta á knattúsinu. Um er að ræða glæsilegt mannvirki sem verður gríðarleg bylting fyrir knattspyrnu deild Hauka hvað aðstöðu varðar og um leið mikil lyftistöng fyrir Hafnarfjörð. Markmiðið er að knattúsið verði tilbúið til æfinga í september/október 2024. Það er gleði efni að flestir stjórnmaflakkar bæjarins hafa stutt við bakið á þessu mikla verkefni.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KNATTSPYRNUDEILDAR

Q. HANDKNATTLEIKSDEILD

Starfsárið sem nú er að klárast er 3ja árið í röð þar sem Covid 19 hefur því miður haft mikil áhrif á. Vonandi sjáum við fyrir endann á því núna og hefur starfið verið á réttri leið frá áramótum. Eins og undanfarin ár er aðalverkefnið okkar að endurvekj áhuga iðkenda og stuðningsmanna á handboltanum og er það allt á réttri leið.

Staðan á yngri flokkum deildarinnar er þannig að aftur er farið að fjölga iðkendum og þá sérstaklega í kvennaflokkum deildarinnar og má þar þakka miklu átaki sem þar var gert. Dína Guðjónsdóttir yfirþjálfari hefur staðið sig með sóma þar og hefur henni tekist að virkja þjálfarana og foreldra til góðra verka. Staðan í karlaflokkunum er mjög batnandi og verður væntanlega kominn í gott stand næsta haust þar sem aukning hefur verið mikil í yngstu flokkunum frá janúar.

Þegar þetta er ritað eru yngri flokkar að hefja lokasprettinn fyrir vorið og höfum við nú þegar landað Bikarmeisturum í 3. fl. kvenna og 4. fl. karla yngri. Þá tryggði 3. fl. kvenna sér Deildarmeistaratitilinn nú í vikunni og fara þar mikil efni sem við ætlum okkur að byggja á í meistaraflökknum okkar næstu árin.

Starfið hefur verið gott og vel haldið utan um flokkana eins og undanfarin ár við krefjandi aðstæður. Í gangi er vinna við ráðningu þjálfara fyrir næsta tímabil og verða einhverjar breytingar gerðar þar, sem koma í ljós á næstunni.

Karlaliðið undir stjórn Arons Kristjánssonar endaði deildarkeppnina í 2. sæti, jafnir Deildarmeisturinum en verri stöðu í innbyrðis viðureignum. Bikarkeppnin hjá liðinu varð enn ein vonbrigðin þetta árið þar sem liðið var slegið út gegn KA á útivelli í 8 liða úrslitum.

Nú er að hefjast úrslitakeppnin þar sem við leikum einnig gegn KA í 8 liða úrslitum og vonandi tekst liðinu okkar að sýna úr hverju þeir eru gerðir í þeirri viðureign.

Karlaliðið tók þátt í Evrópukeppni en datt út eftir tvær umferð.

Kvennaliðið undir stjórn Gunnars Gunnarssonar endaði í 6. sæti Deildarkeppninnar og leikur gegn KA/Þór í úrslitakeppni 6 liða og er því miður á brattann að sækja þar. Bikarkeppnin hjá kvennaliðinu endaði jafnsnubbótt og hjá körlunum og er gengi beggja liðanna okkar þar mikil vonbrigði.

Í gangi er vinna þar sem lögð er aukin áhersla á að koma kvennaliðinu okkar í fremstu röð á næstu 2 árum þar sem hryggjarstykkið í liðinu verða uppaldar Haukastúlkur.



Þá er einnig horft til karlaliðsins með sama markmiði og undanfarið þar sem liðið er í fremstu röð en við teljum tíma kominn á að landa Íslandsmeistaratitlinum sem fyrst og vonandi nú í vor.

Þá ber sérstaklega að þakka stuðningsmönnum okkar í Haukar í horni sem hafa staðið við bakið á okkur í þann tíma sem engir leikir voru mögulegir vegna Covid og hefur það verið ómetanlegt og gert gæfumuninn að við höfum getað haldið sjó síðustu 3 árin.

Það sama má segja um okkar styrktar- og samstarfsaðila sem hafa staðið með okkur og haldið samning þó ekki hafi verið mögulegt að uppfylla sýningar frá leikjum svo mánuðum skiptir. Enn er beðið frekari stuðnings frá hinu opinbera sem lofað var, svo og vilyrði fyrir styrk frá Hafnarfjarðarbæ sem vonandi kemur fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar í vor.

Eins og undanfarin ár er helsta áskorun okkar forystufólks í handboltanum að halda áfram að byggja upp okkar starf með sjálfbærliðum sem hafa staðið sig frábærlega sérstaklega í gegnum faraldurinn sem er að klárast og þá í framhaldinu að fjölga áhorfendum.

ÁFRAM HAUKAR

ÚR ÁRSSKÝRSLU HANDKNATTLEIKSDEILDAR

R. KÖRFUKNATTLEIKSDEILD

Árið 2021 var dálítið sérstakt fyrir körfuknattleiksdeildina. Kvinnaliðið háði harða baráttu á toppi deildarinnar og endaði með því að leika gegn Val í úrslitum þar sem tap varð niðurstaðan eftir 3 leiki. Við upphaf nýs tímabils breyttist liðið þó nokkuð þar sem nokkrar af efnilegustu yngri leikmönnum landsins gengu til liðs við Hauka auk þess sem Helena Sverrisdóttir kom aftur heim úr Val og því ljóst að Haukar myndu tefla fram öflugu liði á nýju tímabili. Í ljósi afmælisárs Hauka var einnig ákveðið að skrá liðið til þátttöku í undankeppni Eurocup og reyndist það gríðarlega áhugavert verkefni. Stelpurnar léku við Sportiva frá Portúgal tvo leiki um það að komast í riðlakeppnina. Skemmst er frá því að segja að liðið lék hreinlega frábærlega og það komst í riðlakeppni EuroCup. Þar varð róðurinn aðeins erfiðari en reynslan og ævintýrið situr eftir. Einnig vann liðið Bikarkeppni KKÍ og því skemmtilegt ár að baki.

Niðurstaðan hjá karlaliðinu varð fall í 1. deild eftir röð af óheppilegum atvikum og breytingu á mannskap þar sem lykilleikmenn reyndu fyrir sér í atvinnumennsku og meiðsladraugurinn gerði vart við sig. Farið var af stað í 1. deildina með öflugan mannskap þótt nokkrir af lykilleikmönnum tóku þá ákvörðun að finna sér lið í efstu deild. Vonandi koma þeir aftur síðar. Skýrt markmið er að fara aftur upp í deild hinna bestu.

Með aðstoð nokkurra velviljaðra einstaklinga gat deildin fjárfest í nýjum LED skiltum sem raðað er meðfram leikvelli og gefur það tækifæri til aukinnar sölu á auglýsingum og samstarfsaðilar mun sýnilegri en áður í sjónvarps- og net útsendingum. Mikið er lagt í umgjörð leikja og hefur deildin getið sér gott orð með það og þykir umgjörðin hjá Haukum eins sú besta á landinu.

Barna- og unglingastarfið er blómlegt og hafa sjaldan jafn margir iðkendur æft hjá deildinni. Haukar senda lið til leiks í alla flokka sem er hægt að skrá í. Fjölmarginir fjölmennir hópar reyna vel á getu Ólafssalar til að taka við iðkendum og er staðan orðin þannig að einnig þarf æfingar yngri flokka í Hraunvalla- og Víðistaðaskóla svo hægt sé að koma öllum fyrir. Einn Íslandsmeistaratitill kom í hús er 8. flokkur drengja varð Íslandsmeistari eftir harða baráttu við Stjörnuna og Breiðablik.

Í heild var reksturinn góður hjá Körfuknattleiksdeildinni og deildin er rík af góðum þjálfurum, leikmönnum og síðast en alls ekki síst sjálfbærliðum, enda væri ekki hægt að reka deildina án þerra.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR

S. KARATEDEILD

Árið 2021 var krefjandi ár fyrir íþróttafélög vegna kórónuveirufaraldursins sem hélt áfram að setja strik í reikninginn. Við bjuggum að reynslunni sem við öðluðumst ári áður og stóðu iðkendur og þjálfarar sig virkilega vel í því að tækla þær áskoranir sem fylgdu samkomutakmörkunum.



Í október 2021 fluttum við starfsemi Karatedeildarinnar í sal á annarri hæð í Ásvallalaug og líkar okkur vel þar. Við höfum sett salinn upp eins og við viljum hafa hann og eru núna 3 boxpúðar sem hanga á veggnum, lotuklukka og dýnurnar okkar fá að vera óáreittar á gólfinu.

Keppnishópur Karatedeildarinnar fer ört stækkandi og með aukinni reynslu fjölga þeim keppendum sem keppa um verðlaun. Fjöldi iðkenda hjá deildinni hefur aukist milli ára og vonum við að sú þróun haldi áfram en það má rekja til bættrar aðstöðu ásamt reynslu og ástríðu þjálfara okkar. Við höfum haldið áfram að bæta við búnað deildarinnar til að geta boðið iðkendum okkar upp á fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar.

Á haustmánuðum 2021 bættust Eva Ósk Gunnarsdóttir og Hjördís Helga Ægisdóttir við stjórn Karatedeilar Hauka sem meðstjórnendur. Við fögnum því að fá nýtt og ferskt sjónarhorn þeirra og hlökkum til að vinna með þeim í að gera Karatedeild Hauka enn betri.

Kristján Ó. Davíðsson er formaður/þróttastjóri deildarinnar, Helgi Kumar er gjaldkeri og Gunnlaugur er yfirþjálfari deildarinnar og varaformaður. Aðrir þjálfarar hjá deildinni á árinu voru Kristján Ó. Davíðsson, Eva Ósk Gunnarsdóttir og Hjördís Helga Ægisdóttir.

Karatemaður Hauka árið 2021 var Dagur Örn Antonsson og Karateþjálfari ársins var Gunnlaugur Sigurðsson.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KARATEDEILDAR

T. GOLF

Fyrsta golfmót Hauka var haldið sumarið 1989 í Hvammsvík, Hvalfirði. Þátttakendur voru um 20. Ógleymanlegt veður og almenn ánægja með mótið varð til þess að ákveðið var að halda Haukagolfmót að ári. Mótið var haldið í Hvammsvíkinni til 1992 en var þá flutt á Hvaleyrarvölinn.

Mótið var í umsjá bræðranna Guðmundar og Ingimars Haraldssona í fyrstu en eftir að það var flutt á Hvaleyrina bættist Guðmundur Friðrik Sigurðsson í hópinn.

„**Haukum í holu**“ hefur síðan fjölgað jafnt og þétt og voru þeir um 100 í síðasta móti í sept. sl.

Keppt hefur verið um Rauða Jakkann frá upphafi. Í fyrstu var notast við vínrauðan vinnujakka af Inga sem hann var hættur að nota. Síðan var sersaumaður nýr rauður jakki sem gefinn var af Sparisjóði Hafnarfjarðar og er enn keppt um þann jakka.

Keppnin er tvískipt. Í punktakeppni er keppt um Rauða Jakkann en í högggleik er keppt um Baddaskjöldinn og núna Haukabikarinn.

Veitt eru verðlaun fyrir 1.–3. sæti í punktakeppni auk glæsilegra nándarverðlauna.

Frá árinu 2013 hefur einnig verið keppt um titilinn Öldungameistari Hauka til minningar um Ólaf H. Ólafsson.

Þeir félagar, Bjarni Hafsteinn Geirsson og Guðbjartur Jónsson heitinn, sáu um að Haukafáninn væri dreginn að húni og félagsfáninn settur upp í golfskálanum á Hvaleyrinni. Tóku þeir á móti keppendum, gengu frá skorkortum eftir keppni og sáu um að allt gengi upp. Sannarlega hrókar alls fagnaðar.

Félagar Badda heitins í veiðiklúbbnum Haukur á stöng gáfu árið 2005 silfurskjöld—Baddaskjöldinn—til keppni í högggleik án forgjafar. Keppt var um skjöldinn í 10 ár. Skjöldurinn er nú í vörslu félagsins.

HAUKAMÓTIÐ Í GOLFI 2021

32. Haukamótið fór fram á golfvöllinum á Hvaleyrarholti föstudaginn 17. september sl. Veðrið var þokkalegt lungann úr deginum þó þungbúið hafi verið þegar fyrstu kylfingar voru ræstir út kl. níu um morguninn. Hvaleyrarvöllurinn var í toppstandi. Ágætis þátttaka var í mótinu, hátt í 100 golfspilarar af báðum kynjum. Úrslit urðu þau að Snorri Páll Ólafsson hlaut Haukakönnuna. Snorri lék Hvaleyrarvöllinn á 75 höggum eða fjórum yfir pari. Ársæll Steinmóðsson kom sá og sigraði að þessu sinni. Ársæll gerði sér lítið fyrir og vann Rauða jakkann í punktakeppni á 39 punktum og einnig Gula boltann á 39 punktum í flokki 55 ára og eldri. Í öðru sæti í punktakeppninni var Ægir



Sigurgeirsson einnig á 39 punktum og í þriðja sæti hafnaði Hafdís Hafberg á 38 punktum. Næstir holu urðu eftirtaldir spilarar: Á 4. holu Jón Gunnar Þórisson, á 6.holu Tryggvi Jónsson, á 10. holu Viðar Jónsson og á 15. holu Bryndís Garðarsdóttir

U. VEIÐI

Haukur á stöng og **Mokveiðideildin** hafa starfað blómlega um margra áratuga skeið og sótt björg í bú í ár og vötn, innanlands sem utan. Fyrri hópurinn er fámennur og lokaður öðrum en formönnum félagsins og deilda þess og eru inntökuskilyrði afar ströng. Mokveiðideildin, sem er fjölmenn samanstendur aðallega af stuðningsmönnum handknattleiksdeildar félagsins. Inntökuskilyrði eru, þar rýmri en færri komast þó að en vilja.

Sem fyrr var afli tregur þetta árið að sögn heimildarmanna.

V. GETRAUNALEIKUR

Vegna covid á árinu var starfsemin lágstemmdari en í eðlilegu ástandi. Þó tókst að halda leiknum í gangi þó að samverustundirnar væru færri. En allt horfir þetta þó til betri vegar og nú er allt komið í fyrra horf.

X. REKSTRARFÉLAG HAUKA

Rekstrarfélag Hauka ehf. er að fullu í eigu Knattspyrnufélagsins Hauka. Tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur meistaraflokka félagsins. Samkvæmt niðurstöðu rekstarreiknings nam hagnaður ársins kr. 2.917.285.-

Aðalfundur Rekstrarfélags Hauka ehf. var haldinn 3. maí 2021.

Stjórn Rekstrarfélagsins skipa eftirtalin: Formaður Þorgeir Haraldsson, Guðborg Halldórsdóttir, Karl Guðmundsson, Bragi Hinrik Magnússon og Valgerður Sigurðardóttir.

Varamenn: Gerður Guðjónsdóttir, Halldór Jón Garðarsson og Valdimar Óskarsson

Framkvæmdastjóri: Magnús Gunnarsson.

Y. ÍPRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR – ÍBH

Fulltrúi Hauka í stjórn ÍBH er Magnús Gunnarsson.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar var stofnað þann 28. apríl 1945 að tilhlutan Íþróttaráðs Hafnarfjarðar, Fimleikafélags Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagsins Hauka og Skíða- og skautafélags Hafnarfjarðar. Þessi þrjú íþróttafélög teljast því stofnendur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Tvö þeirra hafa eflst og vaxið, en starfsemi Skíða- og skautafélagsins lagðist niður eftir 1960.

Stefna ÍBH og framtíðarsýn er skýr og stjórn ÍBH hefur mótað sameiginlega sýn til framtíðar með heildarhagsmunum aðildarfélaga að leiðarljósi. Í því felst að skerpa á þeim forgangsáherslum sem ÍBH og aðildarfélög bandalagsins eiga að vinna að, auka skilvirkni bandalagsins og skilning á milli þeirra félaga sem að íþróttabandalaginu standa og efla vinnubrögð og samhljóm viðhorfa hjá félagsmönnum ÍBH. Ávinningur er því skýr stefna og áherslur, skilvirkara kerfi til að vinna eftir og sterkari liðsheild sem vinnur samstíga að því að byggja upp farsælt samstarf og efla á allan hátt starfsemi ÍBH og samkennd innan bandalagsins.

Á árinu 2016 voru rekstrar- og þjónustusamningar milli Hafnarfjarðarbæjar og íþróttafélaganna endurnýjaðir. Frá þeim tíma hefur verið unnið að því að styrkja og efla rekstrar- og þjónustusamning aðila enn frekar og í byrjun árs 2019 var undirritaður þjónustusamningur þar sem er tryggt að ÍBH fái áfram stuðning til að reka skrifstofu sína og sinna þeim verkefnum sem tíunduð eru í samningnum, en þau eru m.a. yfirumsjón með stjórn íþróttamála, að tryggja að íþróttafélög haldi rétt bókhald, halda utan um tölfræði, veita íþróttafélögum ráðgjöf og stuðning, reka m.a. afreksmannasjóð, vera samstarfsvettvangur allra félaganna, taka þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum með Hafnarfjarðarbæ og fylgjast með gæðaviðmiðum varðandi starfsemi íþróttafélaga.



Í samstarfssamningi sem er í raun regnhlífasamningur milli allra íþróttafélaga og Hafnarfjarðarbæjar er skilgreind stefnumörkun fyrir öll samskipti og samvinnuverkefni milli þessara aðila. Samningurinn tryggir að samið sé við íþróttafélög um þá þjónustu sem þau veita bæjarbúum út frá fjölda barna sem iðka greinarnar og hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í rekstri og viðhaldi á íþróttamannvirkjum. Samningurinn tryggir að íþróttafélögin í umboði ÍBH fái æfingar- og keppnistíma í íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu. Í samningnum er ákvæði þar sem Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig að taka þátt í að byggja upp íþróttamannvirki í takt við þróun og óskir íþróttafélaganna. Samningurinn festir í sessi starf eftirlitsnefndar með fjármálum íþróttafélaga sem skoðar og greinir fjárhag og rekstur íþróttafélaganna. Í gegnum þennan samning er formleg samþykkt um stofnun óháðs fagráðs sérfræðinga í Hafnarfirði sem tekur á ágreinings- og álitamálum frá íþróttafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi, þar á meðal kynferðislegu ofbeldi og eineltismálum.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) hefur unnið að því að uppfylla þau gæðaviðmið sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur fyrir íþróttahéruð / íþróttabandalög. Gæðaviðmiðin eru m.a. fólgin í því að það séu til stefnur og verkferlar um allt starf samtakanna, auk þess sem fjármál og rekstur samtakanna þurfa að vera í lagi. ÍBH er sjötta íþróttahéraðið / íþróttabandalagið af tuttugu og fimm til þess að ávinna sér nafnbótina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ og gildir hún í fjögur ár frá veitingu nafnbótarinnar á árinu 2019.

Stjórn Afrekssjóðs ÍBH samþykkti árið 2019 að breyta reglugerð um sjóðinn og eru þær eftirfarandi, ferðastyrkir einstaklinga með félagsliði verða hámark 6 á ári, ferðastyrkir einstaklingar með landsliði verða hámark 6 á ári, afrekssstyrkir voru hækkaði í ársbyrjun 2021 og eru kr. 75.000 hver styrkur, fararstjórastyrkir eru kr. 80.000. Styrkir vegna þátttöku í EM félagsliða eru skilgreindir með vísan til hámarksfjölda keppenda og er þá miðað við skilgreingu alþjóða sersambands viðkomandi íþróttagreinar. Breytingarnar tóku gildi í janúar 2021.

Þriðjudaginn 28. desember 2021 fór fram árleg Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar. Í ár var hátíðin rafræn í beinu streymi á miðlum Hafnarfjarðarbæjar. Tuttugu afreksmenn voru tilnefndir til kjörs á íþróttakarli Hafnarfjarðar og íþróttakonu Hafnarfjarðar. Úr þessum öfluga hópi var Guðrún Brá Björgvinsdóttir, kylfingur úr Golfklúbbnum Keili, kjörin íþróttakona Hafnarfjarðar og Róbert Ísak Jónsson sundmaður úr Íþróttafélaginu Firði var kjörinn íþróttakarli Hafnarfjarðar. Þá hlaut Sundfélag Hafnarfjarðar ÍSÍ bikarinn árið 2021. Sundfélag Hafnarfjarðar eignaðist 31 Íslandsmeistara í barna-, unglinga-, og fullorðinsflokkum og 19 Íslandsmeistara í flokki garpa 2021. Aðildarfélög ÍBH áttu 317 Íslandsmeistara 2021.

Þriðjudaginn 28. desember 2021 fór fram úthlutun íþróttastyrkja fyrir yngri en 18 ára iðkendur aðildarfélaga ÍBH samkvæmt samningi milli Íþróttabandalagsins í Hafnarfirði (ÍBH), Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar. Um er að ræða samning milli ÍBH, Rio Tinto á Íslandi og Hafnarfjarðarbæjar um að efla gæði í starfi íþróttafélaga í Hafnarfirði. Í samningnum eru m.a. hvatar um reglulega ástundun iðkenda, eflingu menntunar þjálfara, eflingu námskrárgerðar íþróttafélaga / íþróttadeilda og jafnréttishvati. Vegna samkomutakmarkana var úthlutunin kynnt á rafrænni Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar og hafa félögin fengið framlögin greidd. Nýr samningur milli Íþróttabandalagsins í Hafnarfirði (ÍBH), Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar og úthlutun styrkja fyrir yngri en 18 ára iðkendur var kynntur á rafrænni Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar og á samfélagsmiðlum Hafnarfjarðar þriðjudaginn 28. desember sl.. Samningurinn gildir fyrir árin 2022-2024. Samningur hefur verið í gildi frá árinu 2001 á milli Íþróttabandalagsins í Hafnarfirði, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar.

Árið 2021 líkt og árið 2020 einkenndist því miður af sóttvarnaraðgerðum vegna Covid-19, en þrátt fyrir lokanir íþróttamannvirkja, tímabundið á árinu, reyndi hafnfirskt íþróttafólk að sinna sinni íþrótt af kostgæfni. Starfsemi ÍBH bar þess einnig merki, en reynt var að koma málum fram eins og kostur var. Þá er vert að nefna Covid styrki stjórnvalda til íþróttahreyfingarinnar og aðrar úrlausnir sem stjórnvöld lögðu íþróttahreyfingunni til á árinu 2021. Ber einnig að þakka forystu íþróttahreyfingarinnar fyrir þeirra þátt í þeim aðgerðum sem sannarlega kom allri íþróttahreyfingunni til góða og er góð viðspyrna til að mæta nýjum áskorunum þegar faraldrinum lýkur.

Formaður ÍBH er Hrafnkell Marinósson og framkvæmdastjóri er Elísabet Ólafsdóttir.



Z. LOKAORÐ

Þegar horft er yfir starfsemi Knattspyrnufélagsins Hauka á árinu 2021 kemur fyrst upp í hugann hversu íþyngjandi það getur verið að reka íþróttafélag í umhverfi þar sem áhrifavaldur hvers dags kann að vera veira sem ber nafnið Covid 19. Að þurfa að lúta duttlungum veirunnar getur verið erfitt, en með samstilltu átaki tókst okkur að vinna okkur í gegnum erfiðleikana og nú horfir allt til betri vegar. Sannarlega hafa þessi tvö ár frá því að veirunnar varð fyrst vart verið krefjandi, en við höfum haldið sjó með dyggum stuðningi frá stjórnvöldum sem studdu svo sannarlega við bakið á íþróttahreyfingunni þegar mest þurfti við. Þegar ég horfi til liðins árs er margs að minnast. Afmæli félagsins okkar tókst með ágætum og manni hlýnar um hjartarætur að sjá allt okkar unga fólk leggja sig fram um að ná sem bestum árangri í sinni íþrótt.

Þau yngstu stíga sín fyrstu skref í Leikjaskóla barnanna og í Haukaseli, frístundaheimili Hauka, er börnunum fylgt á íþróttæfingar að lokinni síðdegishressingu. Við höfum líka til þeirra sem lengra eru komnir og halda uppi merkjum félagsins á leikvellinum með góðum árangri. Knattspyrnufélagið Haukar er öflugt félag með stórt hjarta sem vill stuðla að góðum félagsanda og drenglyndi í garð náungans. Þannig náum við bestum árangri, vinátta, ástundun, og vilji til góðra verka, á að vera okkar helsta markmið. Við höfum náð góðum árangri í handbolta og körfubolta og á næsta ári verðum við með fjögur lið í hópi þeirra bestu. Knattspyrnufólkið okkar hefur búið við fremur slakar aðstæður en nú horfir það til mikilla bóta með tilkomu knatthúss sem senn mun rísa á Ásvöllum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í haust og að knatthúsið verði tekið í notkun á haustdögum árið 2024. Ekki er að efa að með tilkomu knatthússins verði þess ekki langt að bíða að flokkar félagsins muni komast í hóp þeirra bestu. Við lítum líka stolt til Karatedeildar félagsins sem og Hugaríþróttadeildar þar sem fram fer gott starf. Almenningsdeild félagsins hefur staðið fyrir frábæru Hvítasunnuhlaupi og stundar sínar hlaupaæfingar reglulega frá Ásvöllum og eldri borgarar flykkjast á Ásvelli og ganga sér til heilsubótar. Þá láta félagar í Lávarðadeildinni ekki deigan síga við flutning bílaleigubíla og stuðningi við félagið samhliða því að rækta góð vinatengsl.

Ekki er úr vegi að geta þess að á hverjum degi koma hundruð ungmenna í skólaíþróttir á Ásvöllum frá Áslandsskóla, Hraunvallaskóla og Hvaleyrarskóla.

Íþróttamiðstöðin á Ásvöllum iðar af lífi frá morgni til kvölds alla daga vikunnar. Það er ánægjulegt og gefandi að vera þátttakandi í öllu þessu mikla starfi. Starfsfólk okkar, stjórnarfolk og aðrir sjálfbóðaliðar standa vaktina og taka þátt í leik og starfi.

Mér er það ljúft og skylt að þakka hér öllu þessu góða fólki fyrir frábær störf í þágu Knattspyrnufélagsins Hauka. Með ykkar öflugra stuðningi náum við langt og getum haldið á lofti því merka starfi sem fram hefur farið undir merkjum Hauka í áratugi.

ÁFRAM HAUKAR

— Magnús Gunnarsson, formaður

FYLGISKJÖL:

1. Ársreikningur Aðalstjórnar Hauka 2021
2. Ársreikningur Rekstrarfélags Hauka ehf. 2021



FYLGISKJAL 1
**ÁRSREIKNINGUR
AÐALSTJÓRNAR HAUKA
2021**



ÁRITUN SKOÐUNARMANNS

Til stjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka.

Ársreikning þennan fyrir aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Hauka fyrir árið 2021 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Skipulag uppgjorsins er í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð ársreikninga með það að markmiði, að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við góða reikningsskilavenju. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og yfirlit yfir sjóðstreymi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra.

Ársreikningurinn gefur skýra mynd af rekstri félagsins á árinu 2021, efnahag hinn 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé árið 2021, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.


Hafnarfirði 6. maí 2022


Einar Sverrir Sigurðsson, viðskiptafr.

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2021 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hafnarfirði 6. maí 2022





UDIRRITUN STJÓRNAR

Stjórn Knattspyrnufélagsins Hauka staðfestir hér með ársreikning aðalstjórnar árið 2021 með undirritun sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 2021, rekstrarreikninga fyrir aðalstjórn, starf yngri flokka, íþróttamannvirki og félagsheimili auk sjóðstreymis og sundurliðana.

Samkvæmt niðurstöðu rekstrarreiknings varð hagnaður á árinu 2021 kr. 21.115.100. Hagnaður er yfirfærður til næsta árs.

Engin stjórnarlaun eða arður var greiddur á árinu.

Stjórn Knattspyrnufélags Hauka staðfestir hér með ársreikninginn með áritun sinni.

Hafnarfirði 6. maí 2022

Wjinn Gunnarsson
Haukur Gestasson
Eva Guðmundsdóttir
Guðbjörg Hauksdóttir
Márguður Siguðadóttir
Bregi H. Magnússon
Leifur Sumar Sifsson
Krisjana D. D. Andriosa
Dr. H. Geirsson
Párr Guðmundsson



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2021

	2021	2020
REKSTRARTEKJUR:		
Rekstrarsamningur Hafnarfjarðarbæjar	150.611.536	148.421.404
Framlög og styrkir	44.692.325	13.595.223
Rekstur barna- og unglingastarfs	113.785.370	101.780.774
Aðrar tekjur	10.720.508	11.726.292
Reiknuð húsaleiga	167.242.000	162.846.000
Rekstrartekjur alls	<u>487.051.739</u>	<u>438.369.693</u>
REKSTRARGJÖLD:		
Laun og launatengd gjöld	155.775.076	136.967.601
Mótahald, viðburðir	5.679.279	4.115.539
Verktakar	75.115.517	63.933.579
Framlög til reksturs húss og deilda	48.000.000	37.000.000
Rekstur íþróttahúss og íþróttasvæða	7.792.517	8.121.371
Stjórnun, umsýsla, skrifstofukostnaður	3.990.136	2.657.000
Reiknuð húsaleiga	167.242.000	162.846.000
Rekstrargjöld alls	<u>463.594.525</u>	<u>415.641.090</u>
Rekstrarafkoma án fjármagnsliða	<u>23.457.214</u>	<u>22.728.603</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:		
Vaxtatekjur og verðbætur	10.428	5.043
Vaxtagjöld, verðbætur, gengismunur	(2.352.542)	(3.451.194)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls	<u>(2.342.114)</u>	<u>(3.446.151)</u>
	<u>21.115.100</u>	<u>19.282.452</u>
REKSTRARAFKOMA ÁRSINS	<u><u>21.115.100</u></u>	<u><u>19.282.452</u></u>



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

EIGNIR

		2021	2020
FASTAFJÁRMUNUR:			
VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR:			
Ásvellir	2.	324.000.000	324.000.000
Fasteignir alls		<u>324.000.000</u>	<u>324.000.000</u>
AHÆTTUFJÁRMUNIR OG LANGTÍMA KRÖFUR:			
Eignarhlutir í félögum		1.500.000	1.500.000
Eignarhlutir samtals		<u>1.500.000</u>	<u>1.500.000</u>
Fastafjármunir alls		<u>325.500.000</u>	<u>325.500.000</u>
VELTUFJÁRMUNIR:			
Krafa á dótturfélag, Rekstrarfélag Hauka ehf		19.426.184	29.314.695
Skammtíma kröfur		7.953.788	2.338.257
Handbært fé		<u>27.904.736</u>	<u>9.049.372</u>
Veltufjármunir alls		<u>55.284.708</u>	<u>40.702.324</u>
Eignir alls		<u><u>380.784.708</u></u>	<u><u>366.202.324</u></u>



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

		2021	2020
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé 1/1		306.660.239	296.893.405
Leiðrétt v. fyrra árs		0	(9.515.618)
Hagnaður (tap) ársins		21.115.100	19.282.452
Eigið fé alls	4.	<u>327.775.339</u>	<u>306.660.239</u>
LANGTÍMA SKULDIR:			
Langtíma lán	5.	<u>19.053.652</u>	<u>25.002.410</u>
Langtímaskuldir alls		<u>19.053.652</u>	<u>25.002.410</u>
SKAMMTÍMA SKULDIR:			
Viðskiptaskuldir	6.	12.002.027	14.549.070
Næsta árs afborgun langtímalána		7.293.036	7.090.027
Ógreitt vegna starfsfólks		<u>14.660.655</u>	<u>12.900.578</u>
Skammtímaskuldir alls		<u>33.955.718</u>	<u>34.539.675</u>
Skuldir alls		<u>53.009.369</u>	<u>59.542.085</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>380.784.708</u>	<u>366.202.324</u>



SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2021

Rekstrarhreyfingar	2021	2020
Hagnaður (tap) ársins samkvæmt rekstrarreikningi	21.115.100	19.282.452
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:		
Verðbreyting lána	1.350.650	1.060.756
Veltufé (til) frá rekstri	<u>22.465.750</u>	<u>20.343.208</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtimákröfur, lækkun (hækkun)	4.272.980	(19.223.883)
Skammtimaskuldir, (lækkun) hækkun	(786.966)	303.809
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	<u>3.486.014</u>	<u>(18.920.074)</u>
Handbært fé (til) frá rekstri	<u>25.951.764</u>	<u>1.423.134</u>
Fjármögnunargreyfingar:		
Nýtt langtímalán	0	10.000.000
Afborgun lána	(7.096.400)	(6.238.125)
	<u>(7.096.400)</u>	<u>3.761.875</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu	18.855.364	5.185.009
Handbært fé í ársbyrjun	9.049.372	3.864.363
Handbært fé í lok ársins	<u>27.904.736</u>	<u>9.049.372</u>



SKÝRINGAR

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hægrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast féluginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsnalegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.



2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

	Fasteignir
Heildarverð 01.01.2020	324.000.000
Heildarverð 31.12.2020	324.000.000
Fasteignarmat Ásvellir 1, fnr. 2258749	412.100.000

3. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	7.953.788
	7.953.788

4. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2021	306.660.239	306.660.239
Hagnaður (tap) ársins	21.115.100	21.115.100
Eigið fé 31. desember 2021	327.775.339	327.775.339

5. Langtímaskuldir

	31.12.2021
Landsbanki Íslands	15.684.616
Hafnarfjarðarbær	10.662.071
Næsta árs afborganir	(7.293.036)
	19.053.652
Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu árum:	
Árið 2022	7.293.036
Árið 2023	7.293.036
Árið 2024	1.962.000
Árið 2025	1.962.000
Afborganir síðar	7.836.616
	26.346.687

6. Viðskiptaskuldir

Innlendar viðskiptaskuldir	12.002.027
	12.002.027





FYLGISKJAL 2
ÁRSREIKNINGUR
REKSTRARFÉLAGS HAUKA EHF
2021



Ársskýrsla stjórnar

Rekstrarfélag Hauka ehf. annast rekstur meistaraflokka Knattspyrnufélagsins Hauka. Félagið er rekið í virðisaukaskattsumhverfi, m.a. með sölu auglýsinga og veitingarekstur. Það er álit stjórnar félagsins að allar þær upplýsingar komi fram í ársreikningnum, sem nauðsynlegar eru til að meta rekstrarárangur ársins, fjárhagslega þróun og stöðu í árslok.

Engin laun voru greidd á árinu

Samkvæmt niðurstöðu rekstarreiknings varð hagnaður á árinu 2021 kr. 2.917.285. Hagnaður er yfirfærður til næsta árs.

Engin stjórnarlaun eða arður var greiddur á árinu.

Stjórn Rekstrarfélags Hauka ehf. staðfestir hér með ársreikninginn með áritun sinni.

Hafnarfirði 6.mai 2022



Þórogr U. Magnússon




Áritun skoðunarmanns


Til stjórnar og hluthafa í Rekstrarfélagi Hauka ehf.

Ársreikning þennan fyrir Rekstrarfélag Hauka fyrir 2021 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrareikning, efnahagsreikning og yfirlit yfir sjóðstreymi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Ársreikningurinn gefur skýra mynd af rekstri ársins 2021, efnahag hinn 31. desember 2021 og breytingu á sjóðstreymi 2021, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 6. maí 2022


Einar Sverrir Sigurðsson, viðskiptafr. m.ace



Rekstrarreikningur ársins 2021

	2021	2020
Tekjur:		
Miðasala	7.348.430	5.334.191
Seldar auglýsingar og styrkir m/vsk	37.816.615	33.431.767
Styrkir og framlög án/vsk	111.583.644	75.198.160
Framlag frá aðalstjórn v. húsnæðis	33.000.000	22.000.000
Framlag til deilda frá aðalstjórn	15.000.000	15.000.000
Sala búninga og fl.	6.930.474	5.664.453
Leigutekjur m/vsk	1.485.751	1.483.864
Aðrar tekjur	15.730.586	5.486.925
	<u>228.895.500</u>	<u>163.599.360</u>
Rekstrargjöld:		
Efniskaup og kostnaður v/auglýsinga	19.085.223	13.881.078
Mótagjöld	7.843.049	2.312.947
Verktakar	71.792.667	57.747.443
Viðburðir og kostnaður vegna leikja	42.909.869	19.229.324
Verðgildi leikmanna, breyting	0	3.900.000
Dómarakostnaður og mótahald	250.985	935.960
Húsnæðiskostnaður	17.663.118	17.005.297
Áhalda- og tækjakostnaður	11.821.754	7.198.906
Ferðakostnaður	26.287.010	18.662.901
Vallarleiga	0	200.903
Kostnaður v/félagsskipta	6.781.690	3.150.441
Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða	2.779.100	2.607.896
Stjórnun og umsýsla	13.489.248	7.057.852
Annar kostnaður	1.685.241	3.078.875
	<u>222.388.954</u>	<u>156.969.823</u>
Afskriftir 2.	2.558.312	3.197.890
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði	<u>3.948.234</u>	<u>3.431.647</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur	51.702	25.096
Vextir, þjónustugjöld, fjármagnstekjuskattur	(1.082.651)	(1.858.604)
	<u>(1.030.949)</u>	<u>(1.833.508)</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>2.917.285</u>	<u>1.598.139</u>



Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir		2021	2020
Fastafjármunir:			
Áhöld og tæki	2.	10.736.008	13.294.320
		<u>10.736.008</u>	<u>13.294.320</u>
Veltufjármunir:			
Viðskiptakröfur	3.	15.346.526	21.102.712
Handbært fé		10.758.765	7.157.702
		<u>26.105.291</u>	<u>28.260.414</u>
Eignir samtals		<u><u>36.841.299</u></u>	<u><u>41.554.734</u></u>
Eigið fé og skuldir			
		2021	2020
Eigið fé:			
Hlutfé		500.000	500.000
Ójafnað eigið fé	4.	(13.862.603)	(16.779.888)
Eigið fé samtals		<u>(13.362.603)</u>	<u>(16.279.888)</u>
Skammtíma skuldir:			
Skuld við móðurfélag, Knattsp. f Hauka		19.426.184	29.314.695
Viðskiptaskuldir	5.	28.471.432	27.414.603
Ógreiddur kostnaður		2.026.938	424.991
Ógreiddur virðisaukaskattur		279.348	680.333
		<u>50.203.902</u>	<u>57.834.622</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>36.841.299</u></u>	<u><u>41.554.734</u></u>



Yfirlit um sjóðstreymi árið 2021

	2021	2020
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi	2.917.285	1.598.139
Mism. á hagnaði og handbæru fé frá rekstri:		
Afskriftir	2.558.312	3.197.890
Veltufé (til) frá rekstri	5.475.597	4.796.029
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	5.756.186	(2.934.131)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun	(7.630.720)	5.475.361
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(1.874.534)	2.541.230
Handbært fé frá (til) rekstri	3.601.063	7.337.259
Fjárfestingarhreyfingar:		
Keypt áhöld	0	(7.469.454)
Verðgildi leikmanna	0	3.900.000
Fjármögnunarhreyfingar	0	(3.569.454)
Aðrar hreyfingar:		
Leiðrétting	0	440.020
	0	440.020
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	3.601.063	4.207.825
Handbært fé í ársbyrjun	7.157.702	2.949.877
Handbært fé í árslok	10.758.765	7.157.702



Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðanna sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hægrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast féluginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstandur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð. Reiknaðar sem fastur árlegur hundarðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstímann á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirði.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.



2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, greinast þannig:

	Áhöld og tæki
Heildarverð 01.01.2021	18.874.970
Heildarverð 31.12.2021	18.874.970
Afskrifað áður	(5.580.650)
Afskrifað á árinu	(2.558.312)
Afskrifað samtals	(8.138.962)
Bókfært verð 31.12.2021	10.736.008

3. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur	15.346.526
	15.346.526

4. Eigið fé

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2021	500.000	(16.779.888)	(16.279.888)
Hagnaður (tap) ársins	0	2.917.285	2.917.285
Eigið fé 31. desember 2021	500.000	(13.862.603)	(13.362.603)

5. Viðskiptaskuldir

Innlendar viðskiptaskuldir	28.471.432
	28.471.432





Áfram Haukar!